

ÁLAGNING GJALDA 2021

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 1. desember 2020, voru samþykktar eftirfarandi forsendur til grundvallar álagningu útsvars-, fasteigna- og þjónustugjalda á árinu 2021:

- Útsvarsprósenta árið 2021 er 14,52%.
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2021:
 - 0,2514% af álagningarstofni íbúðarhúsa ásamt lóðarleiguréttindum erfðafestulanda og jarðeigna skv. a-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (var 0,2407% árið 2020).
 - 1,32% af öllum fasteignum skv. b-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt álagningarprósenta á milli ára).
 - 1,4000% af öllum öðrum fasteignum skv. c-lið 3. greinar laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga (óbreytt álagningarprósenta á milli ára).
- Sorphreinsunargjald vegna íbúðarhúsnæðis er kr. 19.256 fyrir hverja íbúð miðað við tvær sorptunnur (ein fyrir almennt sorp og fyrir flokkað sorp) og sorpeyðingargjald er kr. 16.422 miðað við tvær tunnur (ein fyrir almennt sorp og önnur fyrir flokkað sorp). Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum¹ er 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða (óbreytt á milli áráanna 2020 og 2021) og 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða (óbreytt á milli áráanna 2020 og 2021) og verði innheimt með fasteignagjöldum.
- Lóðarleiga af eldri lóðum (samningar dagsettir fyrir 1. janúar 2004) sem lögð er á hvern fermetra (m²) lóðar, tekur viðmið af breytingum sem verða á byggingarvísitölu.
- Gjald dagar fasteignagjalda á árinu 2021 eru 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. september, 15. október en eindagi gjaldanna er 30 dögum síðar eða næsta virkan dag beri hann upp á helgidag.

Heildargjöld sem nema lægri fjárhæð en kr. 25.000 innheimtast með einum gjalddaga á ári, þann 15. apríl 2021.

¹ Bæjarstjórn Akraness samþykkti 16. desember 2003 að frá og með 1. janúar 2004 byggist innheimta nýrra og endurnýjaðra lóðarleigusamninga á fasteignamati lóðar en eldri samningar taki breytingum samkvæmt byggingarvísitölu ár hvert.

Veitt er ívilnun á fasteignaskatti á árinu 2021, til elli- og örorkulífeyrisþega í samræmi við sérstakar reglur bæjarstjórnar um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega.

Lóðarleiga fyrir árið 2021 við álagningu fasteignagjalda vegna lóðarleigusamninga þar sem leigugjald er miðað við fermetra (m²) er eftirfarandi²:

- Íbúðarhúsnæði 13,71 kr. á hvern m² lóðar.
- Atvinnuhúsnæði 49,30 kr. á hvern m² lóðar.
- Hafnarsvæði 196,01 kr. á hvern m² lóðar.

Vatns- og fráveitugjöld eru ákveðin og innheimt af Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Akraneskaupstað. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirrar innheimtu er að finna á vef Orkuveitunnar, www.or.is.

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á www.island.is, en jafnframt er hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli í Þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.

Gjaldskrár Akraneskaupstaðar hækka almennt um 2,5 % þann 1. janúar 2021 nema annað sé sérstaklega samþykkt í viðkomandi gjaldskrá.

Akranesi, 15. desember 2020.



Sævar Freyr Práinsson
bæjarstjóri

² Sjá athugasemd númer 1.